

## **Framhalds- framhalds- aðalfundur, haldinn í Listasafni Árneseinga 30. apríl kl. 10:12.**

Mættir voru: Gísli Páll Pálsson, Guðrún Tryggvadóttir, Svanur Jóhannesson, Hlíf S. Arndal, Inga Jónsdóttir, Njörður Sigurðsson, Einar Bergmundur Þorbjargarson Bóasarson og Sæunn Freydís Grímsdóttir sem ritaði fundargerð

**1. Formannskjör.**Gísli Páll Pálsson er einn í kjöri og samþykktur nýr formaður með lófataki.

Gísli Páll kynnti sig og sagði frá störfum sínum og námi, hann er viðskiptafræðingur og heilsuhagfræðingur, hefur tekið þátt í ýmsum stjórnnum og nefndum bæði á heilbrigðissviði og bæjarmálanna. Gísli hefur búið í Hveragerði síðan 1990 og er forstóri Grundar og Markar hjúkrunarheimila í dag. Gísli Páll var boðinn velkominn til starfa og Guðrúnu Tryggvadóttur voru þökkuð hennar formannsstörf. Fundi slitið kl 10:22.

### **Stjórnarfundur haldinn í beinu framhaldi af aðalfundi kl. 10:25.**

Stjórnin skipti með sér verkum: Inga Jónsdóttir varaformaður, Svanur Jóhannesson gjaldkeri, Njörður Sigurðsson ritari, Guðrún Tryggvadóttir meðstjórnandi og Hlíf Arndal og Sæunn Freydís Grímsdóttir eru varamenn í stjórn.

Gísli Páll óskar skýringa á stöðu verkefna sem í gangi eru. Gunna kynnir verklag við gerð útisýningarinnar sem kynnt var í Listasafni Árneseinga á safnadegi í apríl í fyrra og aftur í sal 4 í lok síðasta árs og byrjun þessa árs.

Guðrún kynnti fjármagnsloforð bæjarstjórnar sem er til 2ja ára.

Eftir er að fara yfir allt efni fyrir endanlega útgáfu en Illugi Jökulsson hefur farið yfir alla texta og samræmt þá.

Hluti af sýningunni er "App" með viðbótar upplýsingum s.s. hljóðupptökum.

Hlíf er með utanumhald um allar myndir og originala.

Stjórnin þarf að koma saman á vinnufund og fara yfir allt sem þarf til að ljúka gerð veggjanna 9 sem fyrirhugað er að reisa í Lystigarðinum. Vonir standa til að hægt verði að opna formlega á Blómstrandi dögum nú um miðjan ágúst.

Tala á við Guðmund Baldursson um ráðleggingar við uppsetningu og verkfræðikunnáttu er þörf til að tryggja stöðugleika veggjanna.

Fyrir liggur tilboð frá Járnsmiðju Óðins í veggina og er verð hvers veggjar kr. 176.000,-.

Rætt um að fá Samverk sem styrktaraðila við verkið, jafnframt að fá tilboð í glerið hjá þeim.

Gísli kynnti sér ýmiss skjöl og teikningar og munu þau Guðrún fara yfir það helsta á vinnufundi þeirra í næstu viku.

Stjórnarfundur er ákveðinn kl. 18:15 þriðjudaginn 17. maí í Listasafninu.

Formaður Gísli Páll boðar alla fundi.

Fundi slitið kl. 10:50.

Fundarritari: Sæunn Freydís Grímsdóttir.